

23. fundur Framkvæmdastjórnar Sorpstöðvar Suðurlands
haldinn 24. febr. í fundarstofu SASS kl. 10.00.

Mættir: Karl Björnsson, formaður, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Hjörtur Þórarinnsson, Þorvarður Hjaltason, Páll Bjarnason og Sigurður Jakobsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 1994.
Reikningar ræddir og þeim vísað til aðalfundar með fyrirvara um áritun skoðunarmanna.
2. Endurskoðun á samþykktum Sorpstöðvar.
Formanni og rekstarstjóra falið að leggja fram tillögur á næsta framkvæmdastjórnarfund.
3. Rekstur gámasvæða.
Páll Bjarnason sagði frá athugunum sínum á rekstri gámastöðva.
Samþykkt að fela Verkfræðistofu Suðurlands að gera tillögu að rekstrarfyrirkomulagi gámastöðva á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands að Rangárvallasýslu undanskilinni. Lögð er áhersla á einfalt og skilvirkt rekstrarfyrirkomulag.
4. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 24.02.95. varðandi móttöku- og flokkunarstöðvar.
Bréfinu verði svarað þegar niðurstöður athugana sem getið er um í 3. lið þessarar fundargerðar liggja fyrir.
5. Samningar við ábúanda Bræðrabóls og Kirkjuferjuháleigu .
Formaður gerði grein fyrir drögum að samningi við ábúanda Bræðrabóls og samningaumleitunum við ábúendur Kirkjuferjuháleigu.
Formanni heimilað að ganga til samninga á grundvelli hugmynda sem stjórnarmenn urðu sammála um á fundinum.
6. Staða framkvæmda á nýju sorpurðunarsvæði í landi Kirkjuferjuháleigu.
Sigurður Jakobsson gerði grein fyrir framkvæmdum. Verkið hefur gengið vel og hægt væri að urða sorp um miðjan marz. Ekki er þó hægt að ljúka framkvæmdum endanlega fyrr en í vor, vegna veðurs. Fram kom að verktaki býðst til að taka næstu urðunarrás á sömu einingarverðum að viðbættri leiðréttingu vegna launahækkunar.
Sigurður taldi að kostnaður gæti legið á bilinu 1.5 til 2.5 milljónir króna.
Samþykkt að semja við verktakann á þessum forsendum.
Litið verði á kostnað við viðbótarrein sem rekstrarkostnað.
7. Gróðurframkvæmdir við nýtt urðunarsvæði.
Formaður skýrði frá og dreifði áætlun garðyrkjustjóra Ölfushrepps, Jóns Inga Jónssonar, vegna útplöntunar á þessu ári.

Samþykkt að greiða Jóni Inga fyrir gerð áætlunarinnar en hann er ekki á launaskrá Ölfushrepps um þessar mundir.
Samþykkt að framkvæma verkið á grundvelli áætlunar Jóns Inga.

8. Rekstur og mannhald á nýja svæðinu.
Rekstrarstjóra falið að gera samning við væntanlegan verkstjóra.
Rekstrarstjóra og verkstjóra falið, í samráði við Verkfræðistofu Suðurlands, að móta tillögur um starfsskipulag á svæðinu.
9. Kynnisferð á nýja sorpurðunarsvæðið.

Fundi slitið kl. 11.30.

Þorvarður Hjaltason.

Karl Björnsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Páll Bjarnason.

Guðmundur Hermannsson.
Sigurður Jakobsson.
Hjörtur Þórarinsson. (sign)